



# SÝSLUMADURINN Í BOLUNGARVÍK

Aðalstræti 12 • 415 Bolungarvík • Kt. 500674-0599 • Sími: 456 7222 • Fax: 456 7573 • Netfang: systumadur.bol@tmd.is • Veffang: www.bolungarvik.is/systumadur

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128, 970*  
*komudagur 12.2.2003*


Bolungarvík, 10. febrúar 2003.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarmenn, 375. mál.

Vísað er til erindis allsherjarnefndar Alþingis til embættisins, dags. 30. f.m., um ofangreint efni. Af hálfu embættisins er framkomnu frumvarpi um björgunarsveitir og björgunarmenn fagnað enda hlýtur það að teljast í allra þágu að settar reglur gildi um réttindi og skyldur björgunarsveita og félagsmanna þeirra.

Fyrir stjórnvöld (lögreglu) sýnist einkum fengur að 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um skyldu björgunarsveita til björgunar, leitar og gæslu ef stjórnvöld óska eftir því. Brýnt er þó, ef til lögfestingar frumvarpsins kemur, að þeir aðilar sem nefndir eru í 2. mgr. 3. gr. laganna nái sem fyrst hagfelldu samkomulagi um þau atriði sem þar eru tilgreind.



-----  
Jónas Guðmundsson